



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks.

Á fundi velferðarráðs þann 15. mars 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata, dags. 5. mars 2018, ásamt minnisblaði um greiningu á hækkun hjónakvarðar dags. 9. febrúar 2018:

Lögð er til breyting á 3. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þess efnis að stuðullinn 1,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks verði hækkaður upp í 1,6.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Erindi er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindar reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir,
skrifstofustjóri

Reykjavík, 5. mars 2018
VEL2018010033
327. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. mars 2018

Tillaga

Tillaga Samfylkingarinnar, Vinstri Grænna, Pírata og Bjartrar framtíðar:

Lögð er til breyting á 3. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þess efnis að stuðullinn 1,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks verði hækkaður upp í 1,6.

Greinargerð:

Í 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er kveðið á um mismunandi grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks hefur verið reiknuð með stuðli 1,5 af grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Lagt er til að stuðullinn verði hækkaður upp í 1,6 til samræmis við reglur nágrannasveitarfélaga.

3. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 284.813 kr. ($189.875 : 2 = 94.938$. $189.875 + 94.938$).

Lagt er til að 3. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 303.800 kr. ($189.875 \times 1,6 = 303.800$).

Kostnaður við breytingu á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks er áætlaður um 9,1 mkr. Gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fyrirbyggjandi fjárheimilda bundinna liða.

Fylgiskjal: Greining á hækkun hjónakvarða fjárhagsaðstoðar



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 9. febrúar 2018
VEL2018010033
325. fundur
RÁ/gsg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 22. febrúar 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Greining á hækkun hjónakvarða fjárhagsaðstoðar*

Forsaga:

Á 324. fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2018 lagði velferðarráð fram eftirfarandi bókun:

Velferðarráð óskar eftir greiningu á því að hækka hjónakvarða fjárhagsaðstoðar til samræmis við það sem gerist hæst í nágrennasveitarfélögunum.

Greinargerð:

Í töflu 1 sést framfærslugrunnur einstaklings, framfærslugrunnur hjóna auk hlutfall framfærslugrunns hjóna af framfærslugrunni einstaklings í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur auk Akureyrar og Ísafjarðar. Í töflunni sést að framfærslugrunnur einstaklings er hæstur í Reykjavík eða 189.875 kr. en framfærslugrunnur hjóna er hæstur í Garðabæ eða 296.000 kr. Einnig sést í töflunni að margfeldi hjóna er 1,6 í öllum sveitarfélögunum nema Reykjavík þar sem margfeldið er 1,5.

Tafla 1 sýnir framfærslugrunn einstaklinga, framfærslugrunn hjóna og margfeldi hjóna sem lýsir hlutfalli framfærslugrunns hjóna af framfærslugrunni einstaklings.

Sveitarfélag	Framfærslugrunnur einstaklings	Framfærslugrunnur hjóna	Margfeldi hjóna
Reykjavík	189.875	284.813	1,5
Akureyri	151.573	242.516	1,6
Mosfellsbær	177.600	284.160	1,6
Hafnarfjörður	154.384	247.014	1,6
Reykjanesbær	144.283	230.853	1,6
Akranes	149.015	238.424	1,6
Ísafjörður	156.791	250.865	1,6
Seltjarnarnes	166.000	265.600	1,6
Kópavogur	181.500	290.400	1,6
Garðabær	185.000	296.000	1,6

Ef horft er til hjóna/sambúðarfólks sem naut fjárhagsaðstoðar á árunum 2016 og 2017 kemur í ljós að meðalfjöldi para sem naut aðstoðar eru 40 pör á mánuði.

Ef framfærslugrunnur hjóna yrði hækkaður í samræmi við það sem gerist hæst í öðrum sveitarfélögum myndi hann hækka í 296.000 kr. á mánuði eða um 11.187 kr. Mánaðarlegur kostnaður við þessa hækkun yrði um 447 þkr eða 5,4 mkr á ársgrundvelli eins og sést í töflu 2.

Tafla 2 hækkun framfærslugrunns hjóna í samræmi við það sem gerist hæst í öðrum sveitarfélögum.

Framfærslugrunnur hjóna í Reykjavík	284.813
Framfærslugrunnur hjóna í Garðabæ	296.000
Mismunur	11.187
Meðalfjöldi para á fjárhagsaðstoð 2016-2017	40
Mánaðarlegur kostnaður	447.480
Kostnaður á ári	5.369.760

Ef framfærslugrunnur yrði hækkaður þannig að margfeldi hjóna yrði það sama í Reykjavík og hinum sveitarfélögum myndi hann hækka í 303.800 kr. á mánuði eða um 18.987 kr. Mánaðarlegur kostnaður við þessa hækkun yrði um 759 þkr. eða um 9,1 mkr. á ársgrundvelli eins og sést í töflu 3

Tafla 3 hækkun framfærslugrunns til að margfeldi hjóna verði í samræmi við önnur sveitarfélög.

Framfærslugrunnur hjóna í Reykjavík	284.813
Framfærslugrunnur hjóna í Reykjavík m.v. margfeldi 1,6	303.800
Mismunur	18.987
Meðalfjöldi para á fjárhagsaðstoð 2016-2017	40
Kostnaður á mánuði	759.480
Kostnaður á ári	9.113.760

Niðurstaða:

Kostnaður á ársgrundvelli við hækkun hjónakvarða fjárhagsaðstoðar til samræmis við það sem gerist hæst í öðrum sveitarfélögum er metinn um 5,4 mkr.

Kostnaður á ársgrundvelli við að hækka hjónakvarða fjárhagsaðstoðar þannig að margfeldi hjóna verði sambærilegt við önnur sveitarfélög er metinn um 9,1 mkr.